

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Desember 2018

Skráð atvinnuleysi var 2,7% í desember

Skráð atvinnuleysi í desember var 2,7% og jókst um 0,2 prósentustig frá nóvembermánuði. Að meðaltali fjölgaði um 930 á atvinnuleysisrá í desember 2018 frá desember 2017, en þá mældist skráð atvinnuleysi 2,2%.

Atvinnuleysi breyttist ekki á höfuðborgarsvæðinu frá nóvember og var 2,7%. Atvinnuleysi jókst um 0,3 prósentustig á landsbyggðinni frá nóvember og var 2,6%. Alls voru 2.619 karlar að jafnaði atvinnulausir í desember og 2.227 konur. Var atvinnuleysi 2,6% meðal karla og 2,8% meðal kvenna og jókst um 0,1 prósentustig meðal karla en 0,2 prósentustig meðal kvenna frá nóvember. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 4,3% en minnst á Norðurlandi vestra 1,4%.

Alls fóru 438 einstaklingar af skrá í desembermánuði, þar af fóru 148 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði eða um 34%. Þá voru 222 (50%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok desember, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu


umsókn til baka. Alls komu inn 47 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 18 störf.

Greiddar voru 1.166 milljónir í atvinnuleysistryggingar í desember, 1.068 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 64 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 34 milljónir vegna barnadagpeninga.

Í desember gaf Vinnumálastofnun út 81 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Er þetta töluverð fækkun frá síðasta mánuði þegar gefin voru út 213 atvinnuleyfi. Samtals voru gefin út 2.064 atvinnuleyfi árið 2018. Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 22 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í desember 2018. Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja var samtals 112 í desember. Á árinu 2018 voru 115 erlend fyrirtæki starfandi á íslenskum vinnumarkaði með samtals 1.107 starfsmenn samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar.

Alls voru 1.876 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok desember eða um 35% allra atvinnulausra. Í desember 2017 var hlutfall erlendra ríkisborgara 28% allra atvinnulausra.

Skráð atvinnuleysi frá des. 2016 til des. 2018




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í desember og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í desember mældist eins og fyrr segir 2,7% og voru að jafnaði 4.846 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 235 á atvinnuleysissskrá frá nóvember. Hins vegar voru í desember 930 fleiri á atvinnuleysissskrá en í desember 2017.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 4,3% og 2,7% á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra. en minnst á Norðurlandi vestra 1,4%.



Alls voru 2.619 karlar að jafnaði atvinnulausir í desember og 2.227 konur og var atvinnuleysi 2,6% meðal karla og 2,8% meðal kvenna. Atvinnuleysi jókst um 0,1 prósentustig milli mánaða hjá körlum og 0,2 prósentustig hjá konum.

Alls voru 606 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok desember í ár sem samsvarar um 2,3% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fjölgað um 116 frá desember 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 490.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 977 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok desember en voru 869 í desemberlok 2017. Hefur þeim því fjölgað um 108 milli ára. Hlutfall langtíma-atvinnulausra var um 18% af öllum á atvinnuleysissskrá í desember í 2018 en um 20% í desember árið 2017.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

1.166 milljónir í desember

Par af voru:

1.068 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

34 milljónir vegna barnadagpeninga.

64 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

Atvinnugreinar og starfsstéttir


Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í desember 2018 frá desember 2017 nema í landbúnaði og lítil breyting var á fjölda atvinnulausra í heilbrigðis- og félagsþjónustu svo og í upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi. Mesta fjölgun atvinnulausra var í ýmiss konar sérhæfðri þjónustu, gistingu- og veitinga- greinum, iðnaði svo og í flutningastarfsemi milli ára.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum meðal allra starfsstétta frá desember 2017, mest meðal véla- og vélgæslufólks svo og verkafólks en minnst meðal sérfræðinga svo og sérmenntaðs starfsfólks.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.876 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok desember eða um 35% allra atvinnulausra. Í desember 2017 var hlutfall erlendra ríkisborgara 28% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 5,7% atvinnuleysis meðal erlendra ríkisborgara.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok des. 2018



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá komu frá Póllandi eða 1.060, sem er um 57% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar en Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi muni aukast í takt við árstíðasveiflu í janúar og verða á bilinu 2,8% til 3,0%.

Þjónusta við atvinnuleitendur

Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 438 einstaklingar af skrá í desembermánuði, þar af fóru 148 í vinnu eða vinnumarkaðsúræði eða um 34%. Þá voru 222 (50%) einstaklingar afskráðir því þeir


staðfestu ekki atvinnuleit í lok desember, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d. voru 16 einstaklingar afskráðir þar sem þeir voru óvinnufærir, níu einstaklingar fóru í fæðingarorlof og 11 höfðu fullnýtt bótarétt sinn.

Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í desember, 57% voru karlar en 43% konur. Um 83% afskráðra eða 362 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf tölva ára og 10% (42) í 6 til 12 mánuði. Um 8% afskráðra (34) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 37%. Um 29% voru 30-39 ára og 20% 50 ára eða eldri. Fæstir afskráðra voru í aldurshópnum 40-49 ára eða 15%.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár



Auglýst störf í vinnumiðlun í desember

Alls komu inn 47 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu eða 18 störf. Þá voru auglýst átta stjórnunar-, sérfræði- og skrifstofustörf og átta störf verkafólks í

**FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR
GREIDDI**

1.096 milljónir í desember

til 4.377 foreldra

iðnaði, landbúnaði og fleiru. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 74%. Annað er ýmist átaksverkefni, reynsluráðningar eða störf fatlaðra. Flest þessara starfa eða 60% voru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Suðurlandi og 9% á Norðurlandi eystra. Þá voru 18% annars staðar á landinu.


Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	8	17%
Þjónustustörf	7	15%
Afgreiðslustörf	1	2%
Iðnaðarmenn	5	11%
Verkafólk í þjónustu	18	38%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	8	17%
Samtals	47	100%

Pátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.

Í desember tók 841 einstaklingur þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Flestir eða 334 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 207 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga

Pátttaka í námskeiðum og úrræðum í desember 2018



en nokkrir fóru á tölvu- og bókhaldsnámskeið eða önnur starfstengd námskeið. Þá voru 80 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 66 einstaklingar voru í endurhæfingarárræðum.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í desember unnu 26 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Loks voru 49 einstaklingar með vinnusamning öryrkja í desember. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Þeim samningum er ætlað að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum markaði.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í desember voru gefin út 66 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu.


HÓPUPPSAGNIR

Í desember var tilkynnt um
3 hópuppsagnir

þar sem 269 starfsmönnum var sagt upp störfum, 149 í flutningum og 120 í framleiðslu.


Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 52 einstaklingar. Þrír einstaklingar fóru til Frakklands og 11 einstaklingar fóru til átta annarra ríkja. Samtals voru gefin út 630 U2 vottorð árið 2018. Í desember komu sex einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slíkt vottorð frá öðrum EES-ríkjum. Árið 2018 kom 61 einstaklingur til landsins með slíkt vottorð.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES-ríki, desember 2018



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1

Útflutt réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu eftir löndum, desember 2018




vottorð. Í desember voru gefin út 113 U1 vottorð. Líkt og í síðasta mánuði voru flest vottorðin gefin út til Tékklands (35) sem er ólíkt undanförunum mánuðum þar sem flest vottorð hafa verið gefin út til Póllands. Í desember fóru 29 vottorð til Póllands, 10 til Slóvakíu og 7 til Spánar. Það sem eftir stendur, eða 32 vottorð, voru gefin út til 12 annarra ríkja. Samtals voru gefin út 1.213 U1 vottorð árið 2018.

Útlendingar

Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Í desember gaf Vinnumálastofnun út 81 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Er þetta tölverð fækkun frá fyrri mánuði þegar gefin voru út 213 atvinnuleyfi. Samtals voru gefin út 2.064 atvinnuleyfi árið 2018. Af útgefnum leyfum í desember voru 30 nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 51 framlengt leyfi. Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í desember, hvort sem var nýtt eða framlengt fengu svokallað námsmannaleyfi eða 17 leyfi. Þá voru gefin út 15 leyfi vegna skorts á vinnuafli og 18 leyfi vegna sérþekkingar.

Atvinnuleyfi eftir starfsgreinum í desember 2018



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 22 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í desember 2018. Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja var samtals 112 í desember. Á árinu 2018 voru 115 erlend fyrirtæki starfandi á íslenskum vinnumarkaði með samtals 1.107 starfsmenn samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra, samtals 1.360 í desember á vegum 27 starfsmannaleiga. Á árinu 2018 störfuðu 3.582 einstaklingar á vegum 41 starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði.

**ÁBYRGÐASJÓÐUR
LAUNA GREIDDI**

17 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota fyrirtækja í desember.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í desember 2018



Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra